

» SAMDRÁTTUR Í FRAMLEIÐSLU GRÁSLEPPUHROGNA Í HEIMINUM

ÍSLAND OG GRÆNLAND MEÐ UM 90% MARKAÐARINS » 8

BEITIR EHF
Nýsmíði og hönnun úr rústfríu stáli
Sími: 424 6650 | www.beitir.is

Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR
16. FEBRÚAR 2012
7. tbl. 30. árg.



Óvenjugott á ýsu í janúar

Drangavík VE hefur verið að veiðum fyrir austan og ýsan veiddist óvenjuvel í trollið í janúar og byrjun febrúar. » 2

Brostin glansmynd strandveiðanna

Strandveiðiflotinn rekin með tapi, segir framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. » 5



Úthaldið í lágmarki

Rannsóknaáætlun skipa Hafrannsóknastofnunar einkennist af viðvarandi þröngum fjárhag. » 7

ÝSUKVÓTALEYSIÐ ÁVÍSUN Á BROTTKAST? » 9



MYND/ ÓLAFUR ÓSKAR STEFÁNSSON.

Aldurhnigið aflaskip

Þegar mikið þarf að veiða af loðnu á skömmum tíma eru öldungarnir í uppsjávarskipaflotanum sendir af stað til þess að hlaupa undir bagga. Sigurður VE hefur verið í því hlutverki undanfarin ár hjá Ísfélagi Vestmannaeyja, en hann var smíðaður árið 1960 og breytt í nótaskip árið 1974. Skipið, sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar alla tíð, hefur veitt í kringum milljón tonn á ferli sínum. Auk Íslandsmiða hefur Sigurður VE stundað veiðar á fjarlægum miðum svo sem við Nýfundnaland, Máritaníu og í Barentshafi og hin síðari ár við Svalbarða og í Síldarsmugunni. Þessi mynd var tekin af Sigurði VE á loðnumiðunum á dögunum en hann hefur verið að veiðum síðan í janúar. Skipið landaði afla í Vestmannaeyjum síðast í gær.

FISKLEITARTÆKI DÝPTARMÆLAR SÓNAR BOTNSTYKKI FJARSKIPTABÚNAÐUR VHF GMDSS TALSTÖÐVAR LOFTNET KALLKERFI SIGLINGATÆKI SIGLINGATÖLVUR PLOTTER AIS BÚNAÐUR GPS SJÁLFSTÝRINGAR GYRO ÖRYGGISBÚNAÐUR BJARGVESTI FLOTGALLAR GECKO HJÁLMAR ÞILFARSBÚNAÐUR NÓTABLAKKIR NÓTANIÐURLEGGJARAR SPIL KORKALEGGJARAR ÞILFARSKRANAR BÁTAVÉLAR CUMMINS NANNIDIESEL DÆLUR E-JET RULE JABSCO PEDROLLO LOFTPRESSUR RÆSILOFTPRESSUR VINNULOFTPRESSUR RAFSTÖÐVAR CUMMINS ROBIN ONAN LISTER PETTER LJÓS SIGLINGALJÓS DÍÓÐULJÓS LEITARLJÓS HELLA LEIFTURLJÓS RATSJÁR ÁTTAVITAR FLABSAR MYNDAVÉLAR SALERNI ÞOKULÚÐRAR TANKMÆLAR RAFEINDA LÍNUBAUJUR SJÓKORT SÍUR RAPP MARINE SPIL FISKIDÆLUR RAPP HYDEMA SYD BÍLALYFTUR BÁTAR QUICKSILVER TERHI ARVOR MERCURY UTANBORÐSMÓTORAR
VÉLASALAN
Til lands og sjávar í 70 ár
www.velasalan.is
520 0000 · Klettagarðar 25 · 104 Reykjavík

Ýsuafli eftir veiðarfærum 2011



Ýsa

Veiðist aðeins í þrjú veiðarfæri

Tiltölulega fá veiðarfæri skila megninu af ýsuaflanum. Á árinu 2011 veiddust um 99% ýsuaflans í aðeins þrjú veiðarfæri; botnvörpu, línu og dragnót. Mest veiddist í botnvörpuna eða tæp 44% en 41,5% veiddust á línu. Þessi tvö veiðarfæri skila um 85% ýsuaflans. Línan er heldur að sækja á því árið 2010 veiddust 37% ýsunnar á línu en tæp 46% í botnvörpu. Í dragnót veiddust svo rúm 13% ýsunnar 2011. Veiðar á ýsu í net eru sáralitlar sem engar og það telst til tíðinda ef ýsan veiðist á færi.

» kjartan@fiskifrettir.is

Fiskifréttir

ÚTGÁFUFÉLAG:
Myllusetur ehf.,
ÚTGEFANDI:
Pétur Árni Jónsson.

RITSTJÓRI:
Guðjón Einarsson
gudjon@fiskifrettir.is
Sími 569 6625

RITSTJÓRNARFULLTRÚI:
Kjartan Stefánsson
kjartan@fiskifrettir.is
Sími 569 6624

AÐSETUR:
Nóatúni 17,
105 Reykjavík
Áskrift: 569 6622

AUGLÝSINGAR:
Sími: 569 6609
PRENTUN:
Landsprent ehf.



Drangavík VE. MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

„Veðráttan gerir okkur erfitt fyrir. Hér hafa verið þrálátar sunnanáttir, ein og jafnvel tvær lægðir á dag.“

Drangavík VE á veiðum fyrir austan

Óvenjugóð ýsuveiði í janúar

„Veiðarnar hafa gengið þokkalega. Við höfum aðallega verið fyrir austan land en veðráttan gerir okkur erfitt fyrir. Hér hafa verið þrálátar sunnanáttir, ein og jafnvel tvær lægðir á dag. Báturinn er varla nógu stór fyrir svona tíðarfar þótt við höfum getað verið að mestallan tímann,“ sagði Magnús Ríkarðsson, skipstjóri á Drangavík VE, í samtali við Fiskifréttir er rætt var við hann um aflabrögðin.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Rætt var við Magnús fyrir helgi og voru þeir þá á leiðinni austur frá Vestmannaeyjum. Veðrið var vitlaust nóttina áður en hafði lægt um daginn. Búist var við því að önnur lægð gengi yfir um kvöldið. „Þetta er dæmigert ástand. Núna reynum við að kasta á milli lægða,“ sagði Magnús.

Frá áramótum hafa þeir mest veitt í Breiðdalsgrunni, Berufjarðarál, Lónsbugtinni og í Sláturhúsinu úti af Hornafirði. Magnús rifjaði upp að Sláturhúsið fengi nafn sitt af því að mikið rifrildi væri á svæðinu.

Fiskinum ekið til Eyja

Stærsti róður Drangavíkur VE í janúar var um 61 tonn og heildaraflinn í mánuðinum var 276 tonn. Magnús sagði að það tæki þá frá tveimur sólarhringum og upp í fjóra til fimm daga að fá í bátinn en hann ber um 50-60 tonn. Þeir landa aflanum á Eskifirði þegar ekki er siglt til heimahafnar. Aflanum er þá ekið til Eyja til vinnslu hjá Vinnslustöðinni. Í því tilviki er það ferjan Herjólfur sem færir fiskinn heim til Eyja á lokaáfanganum.

Eins og ýsunni rigni niður

Drangavík hefur verið á humarveiðum síðustu tvær vertíðir. Í fyrra voru þeir á humrinum í tæpa fimm mánuðir, frá enduðum júlí og fram í lok nóvember. Að öðru leyti sækja þeir mest í þorsk og ýsu. Ýsan veiðist alla jafna ekki vel í brælutíð en Magnús sagði að ágætt ýsukropp hefði verið inn á milli í janúar og febrúar. „Meira hefur orðið vart við ýsu á þessum slóðum í janúar en mörg undanfarin ári. Hér er líka stærri ýsa á ferðinni en verið hefur. Hvort þetta sé til marks um að stofninn sé að stækka veit ég ekki. Oft hefur verið erfitt fyrir togskipin að veiða ýsu suður og suðaustur af landinu á þessum árstíma. Það hefur ekki lifnað yfir veiðinni fyrr en líður á vertíðina ólíkt því sem nú er. Ýsan er furðulegt kvikindi og nú kemur hún eins og henni hafi rignt niður,“ sagði Magnús.



KARLINN Í BRÚNNI

Magnús Ríkarðsson, skipstjóri á Drangavík VE

Vart við loðnu fyrir áramót!

Magnús sagði að þorskurinn væri mjög vel haldinn enda hefði hann nóg æti. „Hér er mikið líf, bæði í kringum Sláturhúsið og víðar. Mikið er af smásíld í bland við loðnu. Loðnan virðist staðbundin. Að minnsta kosti urðu menn varir við hana strax fyrir áramótin svo furðulegt sem það er. Ég trúði þessu ekki í fyrstu en síðan sannreyndum við það. Að vísu er meira af þorski úti af Norðurlandi og Vestfjörðum en hér þótt Hornfirðingarnir hafi fiskað mikið í netin undanfarnar vikur. Einnig er óvenjugóð veiði í netin á Vesturlandi. Þorskurinn er mjög snemma á ferðinni. Ekki hefur þó fengist aukinn þorskafli í trollið úti fyrir Suðurlandi enn sem komið er að minnsta kosti. Það er ekki fyrr en í mars sem lifnar yfir þorskveiðinni hjá okkur,“ sagði Magnús Ríkarðsson.

Eru skattamálin byrði?
Skattaráðgjöf fyrir sjávarútvegsfyrirtæki
pwc
www.pwc.is/sjavarutvegur



Loðnuveiðar

Gamli og nýi Börkur á miðunum

Nýi Börkur NK, sem kom í fyrsta sinn til heimahafnar í Neskaupstað um miðja síðustu viku, fór nánast strax á loðnuveiðar. Á meðfylgjandi mynd, sem tekin var í ljósaskiptum innan við Hrollaugseyjar síðastliðinn mánudag, eru nýi og gamli Börkur hlið við hlið að veiðum, en sá eldri (nær á myndinni) hefur nú fengið nafnið Birtingur NK. Óhætt er að segja að gamli Börkur hafi þjónað Síldarvinnslunni vel á síðustu áratugum því afli hans hefur numið um einni og hálfri milljón tonna frá því að það kom til landsins árið 1973. Með tilkomu nýja skipsins er Síldarvinnslan búin að endurnýja uppsjávarflota sinn um 72 ár á s.l. sex árum, að því er segir á heimasíðu fyrirtækisins.

» MYND/ KRISTÓFER H. HELGASON.

Tölur Siglingastofnunar Íslands

Flotinn verður sífellt eldri

Íslenski fiskiskipaflotinn hefur elst verulega á undanförnum 15 árum. Mest hefur meðalaldurinn aukist í stærðarflokknum 45-60 metrar, en skip í þeim flokki voru að meðaltali 21 árs gömul árið 1998 en eru núna 32ja ára.

Í næsta flokki fyrir neðan (skip 24-45 metrar) hefur meðalaldurinn aukist úr 26 árum í 35 ár á þessu tímabili. Í flokknum þar fyrir neðan (15-24 metra) hefur meðalaldurinn aukist úr 28 árum í 35 ár. Skip sem eru 8-15 metra voru að meðaltali 16 ára árið 1998 en eru nú 20 ára. Í flokki minnstu skipanna (innan við 8 metra) var meðalaldurinn 17 ár árið 1998 en er nú 25 ár. Í flokk stærstu skipanna (60 metra og þar yfir) hefur meðalaldurinn aukist úr 25 árum í 29 ár á umgreindu tímabili.

Sé flotinn skoðaður í heild hefur meðalaldur hans aukist úr 18 árum í 24 ár á tímabilinu 1998-2012.



Þessar upplýsingar koma fram í svari innanríkisráðherra á Alþingi við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar og koma frá Siglingastofnun Íslands.

» gudjon@fiskifrettir.is





Noregur

Refsað fyrir brottkast

Norski togarinn Hekktind, sem er í eigu dótturfélags Aker Seafood, hefur verið sviptur veiðileyfi í sjö mánuði vegna ólöglegs brottkasts. Þetta er þyngsta refsing í Noregi fyrir brot af þessu tagi, samkvæmt frétt í norska ríkissjónvarpinu.

Norska fiskistofan svipti togarann veiðileyfinu fyrir endurtekin brot. Í síðustu viku var Aker Seafood dæmt til að greiða 870 þúsund norskar krónur (18,5 milljónir ISK) fyrir brotin sem áttu sér stað árið 2010.



Málið komst upp eftir að sjómaður um borð í togaranum tók myndir af ólöglegu brottkasti. Myndirnar sýndu að fiskurinn var marinn í hálfgerða súpu áður en honum var kastað í hafið. Sjómaðurinn fullyrðir að um 30% af aflanum hafi verið kastað í þessu tilviki. Hann segist einnig hafa verið um borð þegar um 45% aflans hafi verið kastað, undirmálsfiski og fiski af rangri tegund.

Reyndar var það dótturfélag Aker Seafood sem tilkynnti sjálft um meint brottkast um borð í Hekktind. Aker Seafood neitar fullri sök og áfrýjar málinu til fiskistofu. Fyrirtækið segir að dómurinn sé byggður á fullyrðingum eins manns sem stangist á við framburð 25 annarra um borð. Fyrirtækið vill að svipting veiðileyfis í sjö mánuði verði dregin til baka sem og 870 þúsund króna sektin.

Loðnuveiðar

Hægagangur í Barentshafi

Norðmenn hafa lítið veitt af loðnu í Barentshafi enn sem komið er og stærð loðnunnar veldur vonbrigðum að því er fram kemur á vef norska síldarsamlagsins.

Í síðustu viku var tilkynnt um 15.500 tonna loðnuafla í Barentshafi og fékkst sá afli aðallega fyrri hluta vikunnar. Um miðja vikuna var veður erfitt en veiðar eru hafnar á ný og tveir bátar tilkynntu um afla á sunnudaginn.

Loðnan var ekki mjög stór og því fóru um 10.700 tonn til mjöl- og lýsisvinnslu.



Frá Rauða torginu í Moskvu. Vaxandi kaupmáttur í Rússlandi eykur sölumöguleika sjávarafurða þar í landi.

Innflutningur sjávarafurða til Rússlands á síðasta ári

Kaupa næstmest frá Íslandi

Hlutur Íslands af innfluttum sjávarafurðum til Rússlands hefur aukist síðustu árin og í fyrra nam hann 10% af heildinni. Noregur er áfram langstærsta viðskiptaland Rússa á þessum sviði með rúmlega þriðjungs hlut.

GUÐJÓN EINARSSON
gudjon@fiskifrettir.is

Í Rússlandi er gríðarstór markaður fyrir sjávarafurðir enda eru landsmenn 149 milljónir talsins og rík hefð fyrir neyslu sjávarafurða. Sjálfir eru Rússar í hópi mestu fiskveiðiþjóða heims með tæplega fjögurra milljóna tonna afla árlega. Um 30% aflans er neytt innanlands eða 1,2 milljónum tonna og að auki flytja Rússar inn 800.000 tonn af sjávarafurðum erlendis frá til neyslu.

Langstærsta sjávarútvegsfyrirtækið

Þetta kom fram í erindi Oksana Diaguileva, innkaupastjóra hjá Russian Fish Company, á markaðsdegi Iceland Seafood International í Reykjavík á dögunum. Hún upplýsti á fundinum að Rússar flyttu inn langmest af sjávarafurðum frá Noregi eða 35% af heildinni á síðasta ári. Ísland kæmi þar næst á eftir með 10% og síða Kína með 9%. Á árinu 2010 var röð landanna sú sama en hlutur Íslands var þá 8%.

Russian Sea Group, sem Russian Fish Company er hluti af, er langstærsta fyrirtækið í innflutningi og vinnslu sjávarafurða í Rússlandi. Það seldi 181.000 tonn af sjávarafurðum á síðasta ári og er stærsti dreifingaraðili kældra og frystra fiskafurða í landinu með 12% markaðshlutdeild.

Rússland er langstærsti markaður Íslendinga fyrir sjávarafurðir í fyrrum Sovétríkjunum og Russian Sea Group er jafnframt langstærsti viðskiptaaðili Íslands í Rússlandi.

Aukin sala

Ekki liggja fyrir tölur frá Hagstofu Íslands um útflutning sjávarafurða til Rússlands á árinu 2011, en það ár voru fluttar út vörur frá Íslandi til Rússlands fyrir 19,4 milljarða króna samanborið við 11,6 milljarða árið á undan. Trúlega er mest af því sjávarafurðir.

„Aukin sala á sjávarafurðum frá Íslandi til Rússlands á undanförnum árum felst fyrst og fremst í uppsjávarfiski, loðnu, síld, kolmunna og nú síðast makríl," segir Friðleifur Friðleifsson sölustjóri frystra afurða hjá Iceland Seafood í samtali við Fiskifréttir. „Ennfremur hefur sala á karfa, loðnuhrognum og fleiri afurðum farið vaxandi. Aukin verðmæti í þessum útflutningi stafa ekki síst af gríðarlegri verðhækkun á síld og makríl á síðasta ári. Ennfremur hefur samspilið á gengi gjaldmiðla áhrif á sölu til Rússlands. Öll viðskipti við Rússa eru í dollurum og sterk staða dollarans gagnvart jeni hefur örvað sölu til Rússlands á þeim sjávarafurðum sem gjaldgengar eru á báðum mörkuðum. Þessu til viðbótar hafa flutningsmöguleikar til Rússlands orðið fjölbreyttari en áður og allt hefur þetta sín áhrif."

> Aukin sala frá Íslandi felst fyrst og fremst í uppsjávarfiski.



Oksana Diaguileva, innkaupastjóri hjá Russian Fish Company, flytur erindi á markaðsdegi Iceland Seafood International.

Friðleifur bætti því við að Rússlandsmarkaður væri mjög ábatasamur fyrir íslenskan sjávarútveg almennt, kaupmáttur færi vaxandi þar í landi og vonandi yrði unnt að bjóða þangað fleiri tegundir sjávarafurða en hingað til.

Því má bæta við að uppsjávarfiskurinn sem Íslendingar selja frystan til Rússland fer í frekari vinnslu þar í landi, ekki síst í reyktar og niðurlagðar afurðir.

Stærstu innflytjendur sjávarafurða til Rússlands 2011



Útgerð byggð á sóknarstýringu og takmörkunum ber sig ekki

Brostin glansmynd strandveiðanna

Allir þekkja og viðurkenna að skipulag fiskveiða á árunum 1976-1984, sem byggðist á sóknarstýringu, leiddi til ofveiði, linnulítils taprekstur í sjávarútvegi og þar með til sóunar verðmæta. Afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi var óviðunandi á þessum árum og efnahagur þjóðarinnar í kaldakoli. Landsmenn borguðu brúsann af óðaverðbólgu og misgengi launa og verðlags með skertum lífskjörum. Þetta ástand þekkja ekki yngstu kynslóðir landsmanna nema af afspurn en þeir, sem eru nógu gamlir til að muna, vita hvað um er að ræða. Svo eru þeir til sem þekkja hvaða afleiðingar stjórnleysið hafði en vilja ekki um það tala af pólitískum ástæðum. Hér vísa ég til stjórnmálamanna og annarra sem stefna markvisst að því að afnema núverandi skipulag fiskveiða og skapa á ný ástandið sem ríkti hér 1975-1984. Trúi því hver sem vill að til eru heilu stjórnmálaflokkarnir sem þannig hugsa og starfa!

Í meginatriðum hefur skipulag fiskveiða byggst á aflahlutdeildarkerfi frá því árið 1984, þar sem hvert skip á sína hlutdeild í heildarafla. Á árunum 1984-1990 voru ekki leyfð viðskipti með aflaheimildir. Á þessu árabili batnaði rekstur sjávarútvegsins en ekki nægjanlega mikið til að fyrirtækin þyldu verðfall og aflabrest. Árið 1990 var frjálst framsal aflaheimilda leyft og síðan þá hefur afkoma sjávarútvegsfyrirtækja verið viðunandi. Sjávarútvegurinn varð smám saman drifkraftur batnandi lífskjara fólksins í landinu en hafði áður verið atvinnugreinin sem ríkisstjórnir fleyttu áfram með endalausum reddingum og skammtímalausnum, jafnvel frá mánuði til mánaðar.

Nær 30% tap!

Fyrir skömmu var hluta af stjórnkerfi fiskveiða breytt í þá veru sem var við lýði á árunum 1976-1984, með sóknarstýringu og öðrum takmörkunum. Hér er átt við svokallaðar strandveiðar. Í nýútkomnu riti Hagstofu Íslands um hag fiskveiða og fiskvinnslu árið 2010 er að finna yfirlit yfir afkomu strandveiða og samanburð við aðrar veiðar. Þar kemur margt merkilegt fram sem frumkvöðlar þess að stofna til strandveiðanna halda ekki á lofti. Það er skiljanlegt því glansmyndin, sem dregin er upp af strandveiðum í pólitískum tilgangi, brestur einfaldlega með eftirfarandi upplýsingum sem nú liggja fyrir.

1. **Útgerð strandveiðiflotans var rekin með tæplega 30% tapi miðað við svokallaða árgreiðsluaðferð á sama tíma og allir aðrir útgerðarflokkar voru reknir með hagnaði. Það skal samt tekið fram að ég tek árgreiðsluaðferð Hagstofunnar með miklum fyrirvara en ætla að láta kyrrt liggja í bili að fara nánar út í það.**

2. **Launahlutfall strandveiðiflotans var mun lægra en annarra skipaflokka eða liðlega 30% en launahlutfall hinna svokölluðu stórútgerða var tæplega 40%. Þetta þýðir að sjálfsögðu að ríkissjóður verður af verulegum tekjum, bæði skatttekjum af hagnaði fyrirtækja og skatttekjum af launum sjómanna.**

3. **Framlegð var um 20 krónum lægri á hvert þorskígildi strandveiðiflotans en annarra bolfiskveiða. Framlegð strandveiðiflotans var 44 krónur á þorskígildi en framlegð annarrar bolfiskútgerðar var á bilinu 60-70 krónur á þorskígildi.**

SKOÐUN



Sigurgeir Bryjnar Kristgeirsson

Útgerð strandveiðiflotans var rekin með tæplega 30% tapi miðað við svokallaða árgreiðsluaðferð á sama tíma og allir aðrir útgerðarflokkar voru reknir með hagnaði.



„Framlegð var um 20 krónum lægri á hvert þorskígildi strandveiðiflotans en annarra bolfiskveiða," segir greinarhöfundur.

Strax á þriðja ári strandveiðanna er því ljóst að sagan frá 1976-1984 endurtekur sig: útgerð byggð á sóknarstýringu og takmörkunum ber sig ekki. Stækkun þessa hluta stjórnkerfis fiskveiða mun fyrr en síðar bitna á kjörum landsmanna allra, líkt og reynsla sögunnar kennir okkur. Af framlegðinni á nefnilega eftir að greiða vexti, endurnýja skip og tæki, greiða arð til eigenda og síðast en ekki síst borga af lánum útgerðarinnar. Á árunum 2000-2010 voru 12,26 krónur á hvert þorskígildi eftir fyrir útgerðarmann í aflamarkskerfinu (kvótakerfinu) til frjálsrar ráðstöfunar, þ.e.a.s. til greiðslu arðs, til afborgana lána og greiðslu hærri skatta, þar með talið veiðileyfagjalds, samkvæmt yfirliti Hagstofu Íslands fyrir árin 2000-2010 um hag fiskveiða og útreikningum mínum.

Stjórnvöld stúta sjálf strandveiðunum með ofurskattlagningu

Fyrirhuguð hækkun veiðigjalds í 27% af framlegð þýðir væntanlega að veiðigjaldið verði nærri 19 krónum á hvert þorskígildi. Strandveiðiflotanum dugar þannig ekki 44 króna framlegð á þorskígildi í dag til að standa undir rekstri bátanna, hvað þá ef veiðigjaldið verður hækkað. Hér rekst hvað á annars horn. Ríkisvaldið hyggst „auka réttlæti" við fiskveiðar með því að auka umfang strandveiða enn frekar (!). Slíkt „réttlæti" leiðir til þess að ríkið hefur minna úr að spila til að standa undir velferðarkerfinu og öllum sínum rekstri. Á sama tíma blasir við að veiðigjaldshækkunin, sem leggst líka á strandveiðarnar, gengur endanlega frá þessari grein sjávarútvegsins - sem reyndar var fyrir séð að gæti ekki rekið sig!

Öllu verra er að fyrirhuguð ofurskattlagning ógnar líka sjávarútveginum í heild sinni. Máttarstoðir hans veikjast, afkoma versnar, geta til að greiða skuldir minnkar og fjárfestingargeta hverfur. Bjartsýni og djörfung víkja fyrir bölsýni og vonleysi. Eftir sitjum við, landsmenn góðir, með brostnar vonir á hraðri siglingu inn í hliðstætt efnahagslegt og pólitískt upplausnarástand og ríkti hérlendis 1976-1984. Pólitískt upplausnarástand höfum við reyndar nú þegar og það svo um munar. Til viðbótar við erfitt efnahagsástand landsins fáum við efnahagslegt upplausnarástand sjávarútvegsins ofan í kaupið ef áhugamönnum um að rústa skipulag fiskveiða tekst ætlunarverk sitt. Þar með verður réttlætinu fullnægt, þegar enginn hefur neitt. Þá eru líka allir jafnir.

Höfundur er framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.



Kælivirki óskast til starfa

Ísfrost óskar eftir kælivirkja, vélvirkja eða aðila vönum vélaviðgerðum og eftirliti með ammoníak frystikerfum til starfa. Einnig óskum við eftir starfsmanni til viðhalds og eftirlits á smærri kæli- og frystikerfum. Menntun er kostur en þó ekki skilyrði.

Viðkomandi þurfa að geta unnið sjálfstætt við bilanagreiningu og viðgerðir ásamt uppsetningu og þjónustu. Leitað er eftir duglegum og jákvæðum starfsmönnum til framtíðarstarfa.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skal senda á netfangið **jon@isfrost.is** fyrir 20. febrúar 2012.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ÍSFROST
KÆLI- OG FRYSTITÆKI



Unnið að rannsóknum um borð í Árna Friðrikssyni. MYND/EINAR ÁSGEIRSSON

Skipaáætlun Hafrannsóknastofnunar fyrir árið 2012

Úthaldið í algeru lágmarki

Fjölbreytt verkefni bíða rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar á árinu. Rannsóknaáætlun skipanna einkennist þó af viðvarandi þröngum fjárhag stofnunarinnar að sögn forstjóra hennar. Eðli málsins samkvæmt fer mikill tími í rannsóknir og mælingar á uppsjávarfiski.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Áætlun fyrir leiðangra rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar, Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar, fyrir árið 2012 liggur nú fyrir. Gert er ráð fyrir að úthaldið á Árna Friðrikssyni verði 182 dagar og úthaldið á Bjarna Sæmundssyni verði 162 dagar.

„Skipaáætlunin er með nokkuð svipuðum hætti og í fyrra og einkennist af viðvarandi þröngum fjárhag stofnunarinnar. Við teljum að áætlun um úthald skipanna sé í algeru lágmarki til að unnt sé að halda úti tveimur skipum nokkuð samfellt. Það væri alvarlegt mál ef leggja þyrfti öðru skipinu stærstan hluta ársins eða allt árið," sagði Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, í samtali við Fiskifréttir. Hann bætti því við að ekki væri útilokað að úthaldsdögum skipanna fjölgaði ef einhver leiguverkefni byðust en ekkert slíkt væri þó fast í hendi.

Skipaáætlunin Hafrannsóknastofnunar er birt í meðfylgjandi töflu en þess ber að geta að þar er aðeins er um skip í eigu stofnunarinnar að ræða. Auk þess sinna leiguskip tilteknum rannsóknum, svo sem netaralli og fleiri verkefnum.



Jóhann Sigurjónsson.

Miklir uppsjávarleiðangrar

Fyrsta verkefni Árna Friðrikssonar á árinu var mæling á veiðistofni loðnu. Til stóð að Árni færi síðan í frekari loðnurannsóknir en þeim rannsóknum var slegið saman við mælingar á ástandi sjávar í leiðangri á Bjarna Sæmundssyni sem nú stendur yfir.

„Verkefni Árna Friðriksson einkennast af miklu útkalli vegna rannsókna á stofnum uppsjávarfiska. Næsta stóra verkefnið af þeim toga er mæling á norsk-íslenskri síld í Austurdjúpi í vor og sumar en það er hefðbundinn leiðangur í samstarfi þjóða sem nýta stofninn. Árni fer einnig í langan leiðangur í sumar til að mæla útbreiðslu makríls í íslenskri lögsögu og magn makríls með blöndu af tog- og bergmálsmælingum. Við erum að prófa okkur áfram með að fá út vísitölu fyrir makríl í lögsögu okkar. Við höfum metið það svo að á aðra milljón tonna af makríl hafi fundist innan íslensku lögsögunnar á sumarútbreiðslutíma makrílsins síðastliðin tvö ár sem er verulegur hluti stofnsins. Þetta eru mjög þýðingarmiklar rannsóknir og eru þær hluti af fjölþjóðlegu verkefni," sagði Jóhann.

> Skipaáætlunin er með nokkuð svipuðum hætti og í fyrra og einkennist af viðvarandi þröngum fjárhag stofnunarinnar.

Mismundi aðferðarfræði

Bæði rannsóknarskipin munu sinna stofnmælingum botnfiska, þ.e. vorrallinu og haustrallinu og fleiri rannsóknum tengdum botnfiskum. „Ástæðan fyrir því



Rs Árni Friðriksson. MYND/EINAR ÁSGEIRSSON

að rannsóknir á uppsjávarfiskum taka svona mikinn tíma skipanna er sú að bergmálsmælingar um borð í rannsóknaskipum eru grundvöllur að vitneskju okkar um stofnstærð. Ráðgjöf okkar um nýtingu uppsjávarfisks byggist að mestu á þeim. Stofnmælingar á botnfiski vor og haust eru einnig mikilvægar til að fá yfirlit um heildarmagn og ekki síst til að fá upplýsingar um nýliðun í okkar mikilvægustu botnfiskarannsóknum. Hins vegar byggjum við ráðgjöf okkar um veiðar á botnfiski mikið á öðrum rannsóknum og tiltækum gögnum, einkum aflagögnum. Aðferðafræðin við mat á stofnstærð er því ólík milli uppsjávarfisks og botnfisks. Þá hefur sýking í íslensku síldinni leitt til þess að við þurfum að mæla þann stofn tíðar en við myndum gera ef allt væri með felldu.

Þess má geta að okkur hefur tekist að halda vel utan um mælingar á uppsjávarfiskum vegna þess að flotinn hefur komið okkur til aðstoðar sem er jákvætt og mikilvægt. Til dæmis voru 11 skip með okkur í loðnuleiðangri í janúar sem auðveldaði okkur að ná utan um mælinguna," sagði Jóhann.

Kjörhæfni veiðarfæra

Jóhann sagði að undanfarin ár hefði rannsóknum á kjörhæfni veiðarfæra verið sinnt í nokkrum en þó vaxandi mæli. Meðal annars hefðu aðferðir til að halda þorski og ýsu aðgreindum í botnvörpu verið þróaðar með athyglisverðum árangri. „Við höfum prófað mismunandi útfærslur á botnveiðarfærum til að greina á milli tegunda eins og hægt er. Ekki síst hefur þó áherslan verið lögð á að skilja út smáfisk og annan óæskilegan afla. Í sumar munum við beina sjónum okkar að kjörhæfni botnvörpu við karfaveiðar og verður Árni Friðriksson í því verkefni. Þá munum við halda áfram að kanna kjörhæfni við humarveiðar en þær rannsóknir fara fram á Bjarna Sæmundssyni," sagði Jóhann.

Tvö alþjóðleg verkefni og steinbítur

Bjarni Sæmundsson mun sinna fjölbreyttum verkefnum á árinu. Nú þegar er lokið leiðangri sem farinn var til að kanna íslenska síldarstofninn, mæla stærð hans og ástand. Skipið er farið í annan leiðangur til að kanna ástand sjávar (THOR-verkefnið) og freista þess í leiðinni að mæla ungloðnu eins og að framan getur. „THOR-verkefnið er samstarfsverkefni í Evrópu sem við höfum tekið þátt í nokkur síðustu árin. Það snýr að straummælingum og sjófræði á svæðinu norðvestan við Ísland. Það svæði er mjög mikilvægt með tilliti til jafnvægis milli kaldra strauma sem koma úr norðri og Golfstraumsins úr suðri og aðstæðna á uppeldisslóð nytjafiska norðanlands," sagði Jóhann.

Í vorleiðangri Bjarna Sæmundssonar verður nýju verkefni einnig sinnt sem nefnist Basin. Hér er um fjölþjóðlegt verkefni að ræða sem Ísland hefur fengið styrk til að sinna ásamt öðrum þjóðum. Verið er að kanna áhrif veðurfars í Norður-Atlantshafi á lífríki sjávar einkum og sér í lagi á dýrasvifið.

„Bjarni Sæmundsson mun einnig sinna steinbítsrannsóknum í haust. Þetta verkefni féll niður vegna verkfalls síðastliðið haust. Við höfum lagt til að dregið verði úr steinbítsveiðum og okkur finnst að ganga megi lengra í þeim efnum en gert hefur verið. Nýliðunarvísitölur benda til að stofninn muni fara minnkandi á næstu árum. Við munum kanna sérstaklega hrygningarslóðir steinbíts á Látragrunni með það í huga hvort æskilegt kunni að reynast að stækka friðunarsvæði á hrygningartímanum," sagði Jóhann.

> Við munum kanna sérstaklega hrygningarslóðir steinbíts á Látragrunni með það í huga hvort æskilegt kunni að reynast að stækka friðunarsvæði á hrygningartímanum.



Rs Bjarni Sæmundsson. MYND/JÓN PÁLL ÁSGEIRSSON

Óþrjótandi verkefni

Jóhann var í lokin spurður hvaða verkefni hann saknaði mest að geta ekki farið í vegna fjárskorts. „Verkefnin eru í raun óþrjótandi og erfitt að gera upp á milli þeirra. Við vildum gjarnan stunda meiri atferlisrannsóknir, bæði á botnfiskum og uppsjávarfiskum. Þá er brýnt að auka veiðarfærarannsóknir, þróa hagkvæmari veiðarfæri í öllu tilliti og auka kjörhæfni þeirra. Síðast en ekki síst finnst mér sárgrætilegt hvað okkur hefur gefist lítill tími til að kortleggja hafsbotninn í íslenskri lögsögu. Frá því Árni Friðriksson kom árið 2000 höfum við aðeins kortlagt liðlega 10% af hafsbotninum með fjölgeislaðyptarmæli. Nákvæm vitneskja um hafsbotninn er afar mikilvæg fyrir margra hluta sakir. Við þurfum að kortleggja botninn til að geta flokkað íslenska hafsvæðið í búsvæði. Slíkar upplýsingar eru nauðsynleg forsenda fyrir skynsamlegri nýtingu auðlinda á hafsbotni og í hafinu, ekki aðeins nýtingu sjávardýra heldur einnig málma og annarra auðlinda. Síðast en ekki síst þurfum við þessar upplýsingar til að vernda viðkvæmt lífríki og svæði á hafsbotni sem hafa verndargildi líkt og þjóðgarðar á landi," sagði Jóhann Sigurjónsson.

Skipaáætlun Hafró 2012

R.s. Árni Friðriksson

Dags.	Verkefni, dagafjöldi í sviga
03.01.-21.01.	Loðnurannsóknir, síld (19)
30.01.-15.02.	Loðnurannsóknir (16)
28.02.-12.03.	Marsrall (13)
Mars-apr.	Kvörðun (6)
03.05.-26.05.	Síld í Austurdjúpi (24)
05.06.-15.06.	Kortlagning (11)
19.06.-07.07.	Kjörhæfni, tegundaaðg. (19)
18.07.-15.08.	Makríll, síldarsýking (28)
17.09.-nóv	SMH, loðna, sjór. M. hléum (46)
Alls dagar	**182**

R.s. Bjarni Sæmundsson

Dags.	Verkefni, dagafjöldi í sviga
04.01.-13.01.	Síldarrannsóknir (10)
06.02.-17.02.	Ástand sjávar, THOR (12)
28.02.-17.02.	Marsrall (19)
03.05.-05.05.	Kvörðun (3)
14.05.-30.05.	Vorleiðangur og Basin (17)
05.06-16.06.	Kjörhæfni humarveiða (12)
21.06.-26.06.	Kortlagning búsvæða (6)
09.07.-24.07.	Úthafsrækja (16)
07.08-18.08.	Ástand sjávar (12)
13.09.	Kennsla HÍ (1)
21.09.-17.-10.	Haustrall (27)
22.10.-06.11.	Síld, umhv.væn., steinb (15)
12.11.-20.11.	Sjórannsóknir o.fl. (12)
Alls dagar	**162**

Heimild: Hafrannsóknastofnun





Á grásleppuveiðum. MYND/VILMUNDUR HANSEN

Töluverður samdráttur í framleiðslu grásleppuhrogna í heiminum

Ísland og Grænland anna um 90% eftirspurnar eftir grásleppuhrognum

Veiðar á grásleppu í Norður-Atlantshafi skiluðu um 22.500 til 24 þúsund tunnum af grásleppuhrognum á síðasta ári. Hér er um töluverðan samdrátt að ræða frá árinu 2010. Jafnvægi virðist hafa ríkt á markaðnum á síðasta ári. Tvær veiðiþjóðir, Ísland og Grænland, anna um 90% af eftirspurn eftir grásleppuhrognum í heiminum.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Nýlega var haldinn hér á landi árlegur alþjóðlegur grásleppufundur, LUROMA (Lumpfish Roe Matters), en fundinn sækja fulltrúar veiðimanna, framleiðenda kavíars úr grásleppuhrognum og seljendur. Á fundinum er fjallað um stöðu greinarinnar og markaðshorfur. Samhliða var haldinn hér aðalfundur samtaka strandveiðimanna við Norður-Atlantshaf (ACFNA). Landssamband smábátaeigenda hafði veg og vanda að skipulagi fundanna.

Grásleppufundinn sótti fjöldi manna frá ýmsum ríkjum Evrópu, auk Bandaríkjanna, Kanada og Grænlands.


Arthur Bogason.

Veiðarnar í Kanada brugðust

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, sagði í samtali við Fiskifréttir að verulegur samdráttur hefði orðið í framleiðslu grásleppuhrogna á síðasta ári. Á fundinum lágu fyrir upplýsingar um að heildarveiðin hefði skilað um 24 þúsund tunnum af grásleppuhrognum. Á fundinum komu hins vegar fram nýjar upplýsingar sem bentu til að veiðin gæti verið um 1.000 til 1.500 tunnum minni, eða alls um 22.500 til 23 þúsund tunnur. „Grænland og Ísland eru helstu veiðiþjóðir á grásleppu en veiðarnar í Kanada brugðust algerlega fimmta árið í röð. Veiðin í Noregi var einnig mjög léleg. Fulltrúi Norðmanna á fundinum sagði að áhugi veiðimanna væri ekki mikill á grásleppunni þar sem þeir hefðu góða kvóta í öðrum tegundum," sagði Arthur.

Verulegur samdráttur

Íslendingar framleiddu um 10.700 tunnur af grásleppuhrognum á árinu 2011 og er það um 40% samdráttur frá árinu áður. Þess ber að geta að vertíðin 2010 var með bestu vertíðum í sögunni. Í Kanada voru aðeins framleiddar um 600 tunnur. Tölur um veiðar Grænlendinga, sem aflað var fyrir fundinn, sýndu tæplega 11 þúsund tunna framleiðslu. Arthur sagði að fulltrúi Grænlendinga á fundinum hefði talið að framleiðslan hefði ekki numið meira en 9.500 til 10.000 tunnum. Í Noregi komu ekki nema 1.400 tunnur á land og er það 52% samdráttur frá árinu á undan og 65% samdráttur miðað við meðalveiði síðustu 10 ára. „Miðað við þær tölur sem byggt var á fyrir fundinn þá varð 31% samdráttur í framleiðslu grásleppuhrogna frá árinu 2010 og 19% samdráttur miðað við meðalveiði síðustu 10 ára. Samkvæmt þessu anna tvær veiðiþjóðir, Ísland og Grænland, um 90% af eftirspurn eftir grásleppuhrognum í heiminum," sagði Arthur.

Minni birgðir

Arthur gat þess einnig að birgðir af grásleppuhrognum hefðu minnkað aðeins frá sama tíma fyrir ári. Það þýddi að veiðin í fyrra hefði væntanlega ekki annað eftirspurn á markaðnum. „Þetta eru góðar fréttir fyrir veiðimenn. Hins vegar þýðir ekki að horfa framhjá því að markaðurinn hefur dregist saman. Fyrir nokkrum árum var rætt um að markaðurinn þyldi 30-33 þúsund tunnur á ári en nú sýnist okkur að ekki sé markaður fyrir meira en 24-25 þúsund tunnur. Ástæðan fyrir þessum samdrætti er margvísleg. Grásleppuhrogn eru í meiri samkeppni við önnur hrogn en áður. Kavíar er fyrst og fremst notaður sem skraut á matvæli og í mörgum tilvikum skiptir ekki öllu máli hvaða tegund hrogna verður fyrir valinu. Þá fer verðið að skipta meira máli," sagði Arthur.

Líklega óbreytt verð

Arthur sagði að verð á grásleppuhrognum væri ekki á dagskrá fundarins. Hins vegar færi ekki hjá því að menn skynjuðu hvernig landið lægi í þeim efnum. „Mér sýnist sem staðan sé lítið breytt varðandi verð á grásleppuhrognum. Mér kæmi á óvart ef verðið hækkaði en það verður heldur ekki séð að tilefni sé til verðlækkunar. Miðað við það að birgðir drógust saman milli ára þá má búast við því að verðið verði sæmilegt á vertíðinni. Hins vegar verða menn að passa mjög vel upp á það að yfirfylla ekki markaðinn. Þá er gulltryggt að verðið hrynur," sagði Arthur.

Áhyggjur af afskiptum umhverfissamtaka

Arthur gat þess að á grásleppufundinum hefðu margir fulltrúar lýst áhyggjum sínum af afskipt-



Grásleppur. MYND/VILMUNDUR HANSEN

um umhverfissamtaka af fiskveiðum, þar á meðal grásleppuveiðum. „Umhverfissamtök svífast einskis í málflutningi sínum. Ef ekki liggja fyrir rannsóknir á viðkomandi fisktegund er það túlkað sem svo að stofninn sé kominn að hruni. Einnig er snúið út úr öllum hlutum. Hafrannsóknastofnun hefur til dæmis þar til árið í ár ekki veitt ráðgjöf um veiðar á grásleppu. Umhverfissamtök líta svo á að Hafró hafi þar með lagt til að engar veiðar séu stundaðar. Allt sem veitt hafi verið af grásleppu sé því ofveiði og rányrkja. Við þessu þarf að bregðast með stórauknum rannsóknum. Það hefur verið okkur fjötur um fót að rannsóknir á grásleppu í þeim löndum sem veiðar eru stundaðar eru í algeru lágmarki og sums staðar engar. Að þessu máli var vikið aftur og aftur á fundinum og hættunni á því að verslunarkeðjur létu undan þrýstingi. Eitt dæmi var nefnt frá Þýskalandi þar sem verslunareigandi hafði tekið kavíar úr sölu vegna þess að hann nennti ekki að standa í þrasi við umhverfissamtök," sagði Arthur.

Veiða ekki meira en markaðurinn þolir

Veiðistjórnun grásleppu var síðan rædd á fundi samtaka strandveiðimanna í Norður-Atlantshafi. „Veiðiþjóðirnar hafa haft samstarf um það í mörg ár að halda sig innan ákveðinna marka við veiðarnar. Eftir að veiðarnar hrundu í Kanada hefur það reyndar komið af sjálfu sér að heildarveiðin hefur ávallt verið innan þessara marka. Að þessu sinni höfðum við ekki forsendur til að nefna ákveðna tölu en þó var ákveðið að halda því markmiði til streitu að veiða ekki meira en markaðurinn þolir. Jafnframt var um það rætt að ef svo skyldi fara að veiðarnar rykju upp á Nýfundnalandi myndu upplýsingar um það berast hið snarasta til hinna veiðiþjóðanna svo unnt væri að bregðast við því í tíma," sagði Arthur.

> Umhverfissamtök svífast einskis í málflutningi sínum. Ef ekki liggja fyrir rannsóknir á viðkomandi fisktegund er það túlkað sem svo að stofninn sé kominn að hruni.

Sáttur við 50 veiðidaga

Arthur var spurður í lokin hvernig honum litist á fyrirkomulagið við grásleppuveiðar á Íslandi á komandi vertíð. „Ég er mjög sáttur við að karlarnir fái að halda 50 veiðidögum. Engar forsendur voru heldur fyrir því að skera dagafjöldann niður. Tíðarfarið getur sett strik í reikninginn og við vitum heldur ekki hvernig veiðarnar koma til með að ganga," sagði Arthur Bogason.

Ýsuveiðiheimildir er ill- eða ófáanlegur á markaði

Leiðir ýsukvótaleysið til brottkasts?

Stærstur hluti ýsuveiðiheimilda krókaaflamarksbáta á þessu fiskveiðiári hefur þegar verið veiddur og margir eru að heita má búnir með kvóta sína. Ýsan veiðist sem meðafli á þorskveiðum, en nánast engan ýsukvóta er að fá á leigumarkaði.

GUÐJÓN EINARSSON
gudjon@fiskifrettir.is



Afar erfitt er að fá leigðan ýsukvóta fyrir meðafla á þorskveiðum. MYND FISKIFRÉTTIR/ GE

Töluvert meira er búið að veiða af ýsukvótanum það sem af er þessu fiskveiðiári en var á sama tíma í fyrra. Margir krókaaflamarksbátar eru búnir með kvótann eða við það að klára hann og leigukvóti liggur ekki á lausu. Nýtilkominn skiptimarkaður Fiskistofu leysir heldur ekki vandann. Smábátamenn lýsa mikilli ýsugengd á grunnslóð. Þeir segja að ekki sé hægt að veiða þorsk öðru vísi en að fá ýsu með. Ef þeir komi með ýsuna að landi án þess að geta útvegað kvóta fyrir henni missi þeir veiðileyfið. Hvað eigi þeir þá að gera?

Það liggur í augum uppi...

Það er gömul saga og ný að enginn játar brottkast á sjálfan sig undir nafni en sögurnar ganga um að ýsu sé fleygt af þessum sökum. „Það liggur í augum uppi hvað menn gera ef þeir fara á sjó og það er mikið af ýsu í aflanum en þeir eiga lítinn eða engan kvóta fyrir henni. Þeir fara ekki að koma með afla að landi sem stuðlar að því að þeir þurfi að hætta veiðum strax eða eftir nokkra daga," sagði sjómaður sem ekki vildi láta nafns síns getið í samtali við Fiskifréttir. Landssamband smábátaeigenda er með sína lausn á málinu: Bætið 10 þúsund tonnum við ýsukvótann strax. Stjórnvöld hafa ekki léð máls á því.

Minni kvóti - meiri afli

„Ef hér er mikill vandi á ferð þá býst ég við að hann snúi einkum að krókaaflamarksbátunum. Staðan er sú að á yfirstandandi fiskveiðiári nemur úthlutun ýsukvóta tæpum 90% af þeim kvóta sem úthlutað var á síðasta fiskveiðiári að meðtalinni skerðingunni vegna pottanna. Þegar tekið er með í reikninginn framsal á ýsukvóta úr aflamarkskerfinu í krókaaflamarkskerfið eru krókaaflamarksbátarnir núna með 97% af þeim ýsukvóta sem þeir höfðu til ráðstöfunar á síðasta fiskveiðiári. Krókabátarnir eru búnir að veiða núna 81% af ýsuheimildum sínum en á sama degi í fyrra var hlutfallið 74%. Aflamarksbátarnir eru hins vegar búnir að veiða 45% á móti 35% í fyrra. Ýsuaflinn í heild er 7-8% meiri en á sama tíma í fyrra þannig að það segir sig sjálft að meiri afli og minni kvóti skapar erfiðleika," sagði Auðunn.

Auðunn benti ennfremur á að bátum væri óheimilt að fara í strandveiðar eða þiggja byggðakvóta ef þeir væru með neikvæða millifærslustöðu. Sumir væru því tregari að láta frá sér kvóta en ella.

Verra ástand en fyrr

- *Er ástandið í kvótaleigumálum núna erfiðara en oft áður?*

„Já, menn sem þurfa að millifæra kvarta meira en verið hefur undan því að erfitt sé að útvega sér kvóta. Hvort það er vegna þess að meiri ýsa sé í sjónum skal ég ekki dæma um."

- *Hvaða úrræði hafa þeir sem veiða umfram kvóta og geta ekki fengið keyptar aflaheimildir til þess að leiðrétta stöðu sína?*

„Einu úrræðin eru þau að landa umframaflanum sem VS-afla en sú heimild er takmörkuð við 5% af lönduðum afla skipsins á þriggja mánaða tímabili. Að öðrum kosti hafa þeir þrjá virka daga til þess að útvega kvóta og mega ekki róa á meðan. Að þeim tíma liðnum eru þeir sviptir veiðileyfinu þar til þeir hafa rétt sig af. Við ítrekuð brot fá þeir ekki leyfið aftur fyrr en að nokkrum vikum liðnum frá því að þeir hafa lagað stöðu sína," sagði Auðunn H. Ágústsson.

Zink - Gírar - Dælur - Ásþétti - Aflvélar - Hljóðkútar - Rafstöðvar - Stýrisvélar - Miðstöðvar - Snúningsliðir - Skrúfubúnaður



Isuzu - Doosan
FPT - Baudouin



Rafstöðvar og trilluvélar



Sand og slógdælur



Bógskrúfur

ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 - 220 Hfj.
s. 562 3833 - www.asafl.is
asafl@asafl.is

FISKMARKAÐIR

Allir markaðir*

Slægður fiskur = S/Óslægður = Ó

Teg	S/Ó	KG	KR/KG	Alls
BLEIKJA	S	92	875	81.182
BLÁLANGA	Ó	123	301	37.053
BLÁLANGA	S	1.142	313	357.202
DJÚPKARFI	Ó	2.823	203	573.325
FLÖK/BLEIKJA	S	475	1.617	768.470
GELLUR	S	127	1.036	131.599
GRÁLÚÐA	S	1.235	487	601.223
GRÁSLEPPA	Ó	471	67	31.398
GULLKARFI	Ó	28.817	255	7.345.619
HLÝRI	Ó	202	306	61.841
HLÝRI	S	6.066	340	2.064.359
HROGN/UFSI	S	685	171	117.069
HROGN/ÝMIS	S	2.503	348	872.245
HROGN/ÝSA	S	974	291	283.354
HROGN/ÞORSKUR	S	28.573	468	13.364.055
HVÍTASKATA	S	11	34	379
KEILA	Ó	1.489	173	257.452
KEILA	S	2.272	201	457.343
LANGA	Ó	3.341	227	758.283
LANGA	S	7.324	294	2.156.153
LANGLÚRA	Ó	1.123	288	323.008
LANGLÚRA	S	4.496	290	1.304.502
LAX	S	1.064	562	597.980
LIFUR	S	20.714	92	1.896.697
LUNDIR/ÞORSKUR	S	10	449	4.490
LÚÐA	S	178	705	125.548
LÝSA	Ó	375	147	54.977
LÝSA	S	2.497	170	424.926
NÁSKATA	S	262	86	22.557
RAUÐMAGI	Ó	981	210	206.330
SANDKOLI	Ó	2.667	127	339.313
SANDKOLI	S	1.038	90	93.420
SKARKOLI	Ó	34	250	8.500
SKARKOLI	S	14.929	311	4.641.614
SKATA	Ó	30	137	4.110
SKATA	S	315	94	29.604
SKRÁPFLÚRA	S	206	48	9.984
SKÖTUSELUR	S	1.960	422	828.046
STEINBÍTUR	Ó	7.493	215	1.611.624
STEINBÍTUR	S	56.049	266	14.915.993
STÓRKJAFTA	S	235	144	33.891
SVIL	S	6.074	39	237.990
SÍLD	Ó	5.671	85	482.037
TINDASKATA	Ó	5.042	36	179.999
UFSI	Ó	8.319	212	1.761.222
UFSI	S	19.857	262	5.209.759
UNDUFSI	S	18	125	2.250
UNDÝSA	Ó	5.394	197	1.064.128
UNDÝSA	S	2.918	229	669.323
UNDÞORSKUR	Ó	13.484	207	2.792.840
UNDÞORSKUR	S	11.868	240	2.846.816
Ufsalifur	S	58	50	2.900
ÝSA	Ó	64.909	294	19.112.068
ÝSA	S	106.338	285	30.264.111
ÞORSKHNAKKAR	S	300	900	270.000
ÞORSKUR	Ó	89.581	327	29.289.522
ÞORSKUR	S	137.793	336	46.295.542
ÞYKKVALÚRA	S	2.606	683	1.778.930
Þorsklifur	S	13.087	91	1.191.071
Þunnildi/Þorskur	S	100	520	52.000
Samtals:		**698.818**	**288**	**201.299.226**

* Reiknistofa fiskmarkaða 10.02.2012 - 14.02.2012



Á nösunum

» Það er fátt líkt með síldarbátum fyrri tíma og öflugum síldarskipum nútímans. Hér er Bjarmi EA frá Dalvík drekkhlaðinn af síld á siglingu norður af Sléttu sumarið 1963. Það ár veiddu Íslendingar 178.000 tonn af norsk-íslenskri síld en aðeins tveimur árum síðar fór afli íslenskra skipa upp í 691.000 tonn, áður en halla tók undan fæti í þessum sögufrægu veiðum. Bjarmi BA var 58 eikarbátur smíðaður í Nyköbing í Danmörku árið 1955. Fyrsti eigandi var Röðull hf. á Dalvík. Báturinn var seldur til Keflavíkur árið 1969 og fékk þá nafnið Gullvík KE. Hann var talinn ónýtur og tekinn af skrá árið 1981. MYND/ ÖRN SIGURÐSSON.

AFLABRÖGÐIN

[Vikan 05.02.12 - 11.02.12]

Vestmannaeyjar

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Gandí VE	187	Tro	Grálú	1
Jón Vídalín VE	151*	Tro	Karfi	1
Bergur VE	11	Tro	Ufsi	1
Brynjólfur VE	18	Net	Þorsk	1
Vestmannaey VE	9	Tro	Þorsk	1
Bergey VE	24	Tro	Þorsk	1
Dala-Rafn VE	22	Tro	Ýsa	1
Suðurey VE	54	Tro	Þorsk	1
Kristbjörg VE	78	Net	Þorsk	2
Smáey VE	10	Tro	Þorsk	1
Frár VE	24	Tro	Þorsk	1
Drangavík VE	51	Tro	Ýsa	1
Þórunn Svein VE	51	Tro	Ufsi	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Blíða VE	3.0	Lín	Þorsk	1
Uggi VE	0.3	Han	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 4.2				
Samtals afli: 694.2				

Þorlákshöfn

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Arnar ÁR	9	Dra	Ýsa	1
Friðrik Sigu ÁR	26	Net	Ufsi	3
Arnarberg ÁR	18	Lín	Þorsk	2
Jóhanna ÁR	7	Dra	Þorsk	2
Sólborg RE	12	Dra	Ýsa	3
Aðalbjörg II RE	1	Dra	Þorsk	2
Fróði II ÁR	18	Dra	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sæunn Sæmund ÁR	7.0	Lín	Þorsk	2
Smábátaafli alls: 13.4				
Samtals afli: 104.4				

Grindavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Sturla GK	65	Lín	Þorsk	1
Jóhanna Gísl ÍS	77	Lín	Langa	1
Ágúst GK	53	Lín	Þorsk	1
Valdimar GK	66	Lín	Þorsk	1
Tómas Þorval GK	65	Lín	Þorsk	1
Páll Jónsson GK	81	Lín	Þorsk	1
Sighvatur GK	6	Lín	Þorsk	1
Kristín ÞH	63	Lín	Þorsk	1
Oddgeir EA	32	Tro	Karfi	1
Gulltoppur GK	14	Lín	Þorsk	2
Farsæll GK	4	Dra	Þorsk	3
Sigurpáll GK	4	Dra	Þorsk	2
Reginn ÁR	9	Net	Þorsk	2
Askur GK	8	Net	Þorsk	2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Dúddi Gísla GK	14.4	Lín	Þorsk	2
Hraunsvík GK	2.0	Net	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 44.6				
Samtals afli: 591.6				

Sandgerði

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Sóley Sigurj GK	88	Tro	Þorsk	1
Berglín GK	63	Tro	Þorsk	1
Örn KE	16	Dra	Þorsk	3
Sigurfari GK	15	Dra	Þorsk	4
Benni Sæm GK	8	Dra	Þorsk	2
Siggi Bjarna GK	10	Dra	Þorsk	2
Arnflór GK	5	Dra	Þorsk	2
Aðalbjörg RE	5	Dra	Þorsk	2
Njáll RE	3	Dra	Þorsk	1
Hafdís SU	26	Lín	Þorsk	4
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Muggur KE	20.1	Lín	Þorsk	2
Lilja BA	0.9	Han	Ufsi	2
Smábátaafli alls: 123.7				
Samtals afli: 362.7				

Keflavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Bjarni Ólafs AK	1352	Tro	Loðna	1
Erling KE	83	Net	Þorsk	6
Happasæll KE	19	Net	Þorsk	2
Maron HU	7	Net	Þorsk	1
Sægrímur GK	3	Net	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli: 1464.0				

Hafnarfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Þór HF	550	Tro	Karfi	1
Hrafn Sveinb GK	155	Tro	Karfi	1
Stormur SH	17	Dra	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Kristján HF	16.3	Lín	Þorsk	3
Smábátaafli alls: 31.3				
Samtals afli: 753.3				

Kópavogur

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Gísli KÓ	3.1	Lín	Þorsk	1
Samtals afli: 3.1				

Reykjavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Vigri RE	305	Tro	Grálú	1
Örfirisey RE	486	Tro	Þorsk	1
Ottó N. Þorl RE	106	Tro	Djúpk	1
Ásbjörn RE	122	Tro	Karfi	1
Sturlaugur H AK	136	Tro	Þorsk	1
Helga RE	48	Tro	Þorsk	1
Kristrún RE	75	Lín	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sigrún RE	6.4	Net	Þorsk	4
Svalur BA	4.8	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 13.8				
Samtals afli: 1291.8				

Akranes

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Lundey NS	1507	Tro	Loðna	1
Hoffell SU	1221	Tro	Loðna	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Ebbi AK	14.9	Lín	Þorsk	2
Ísak AK	1.2	Net	Þorsk	2
Smábátaafli alls: 35.1				
Samtals afli: 2763.1				

Arnarstapi

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Keilir II AK	25.3	Net	Þorsk	3
Samtals afli: 45.9				

Rif

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Tjaldur SH	55	Lín	Þorsk	1
Örvar SH	26	Lín	Þorsk	1
Saxhamar SH	34	Lín	Þorsk	2
Hamar SH	25	Lín	Þorsk	3
Rifsnes SH	19	Lín	Þorsk	1
Matthías SH	25	Dra	Þorsk	3
Rifsari SH	44	Dra	Þorsk	4
Esjar SH	19	Dra	Þorsk	3
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Tryggvi Eðva SH	21.7	Lín	Þorsk	2
Hafnartindur SH	7.9	Net	Þorsk	4
Bára SH	3.1	Dra	Þorsk	1
Jóa SH	0.4	Han	Ufsi	2
Smábátaafli alls: 158.8				
Samtals afli: 405.8				

Ólafsvík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Stormur SH	23	Dra	Þorsk	3
Steinunn SH	53	Dra	Þorsk	5
Guðmundur Je SH	18	Dra	Þorsk	3
Sveinbjörn J SH	40	Dra	Þorsk	3
Gunnar Bjarn SH	20	Dra	Þorsk	4
Egill SH	10	Net	Þorsk	1
Sandvík SH	7	Dra	Ýsa	2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Kristinn II SH	28.8	Lín	Þorsk	4
Bárður SH	3.6	Net	Þorsk	2
Hilmir SH	0.6	Han	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 122.5				
Samtals afli: 293.5				

Grundarfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hringur SH	51	Tro	Karfi	1



Farsæll SH	35	Tro	Þorsk	1
Grundfirðing SH	45	Lín	Þorsk	1
Sóley SH	80*	Tro	Stein	1
Geir ÞH	12	Net	Þorsk	1
Haukaberg SH	16	Net	Þorsk	3
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Halldór NS	6.1	Net	Þorsk	4
Birta SH	1.4	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 7.5				
Samtals afli: 246.5				

Stykkishólmur

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Gullhólmi SH	47	Lín	Þorsk	1
Þórsnes II SH	37	Net	Þorsk	3
Fjóla BA	2	Net	Síld	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Landey SH	21.7	Lín	Þorsk	3
Mangi SH	3.3	Net	Síld	1
Fjóla SH	3.1	Ígu	Ígulk	4
Smábátaafli alls: 50.5				
Samtals afli: 136.5				

Patreksfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Núpur BA	23	Lín	Þorsk	1
Vestri BA	9	Lín	Þorsk	2
Brimnes BA	16	Lín	Þorsk	2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Birta BA	12.7	Lín	Þorsk	2
Smábátaafli alls: 12.7				
Samtals afli: 60.7				

Tálknafjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Kópur BA	34	Lín	Þorsk	5
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Indriði Kris BA	15.5	Lín	Þorsk	2
Smábátaafli alls: 27.7				
Samtals afli: 61.7				

Bíldudalur

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Andri BA	4	Tro	Rækja	2
Ýmir BA	7	Tro	Rækja	4
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Ólafur HF	14.4	Lín	Þorsk	3
Brynjar BA	1.2	Tro	Rækja	2
Smábátaafli alls: 20.4				
Samtals afli: 31.4				

Þingeyri

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Fjölnir SU	74	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli: 74.0				

Flateyri

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sigrún ÍS	5.3	Lín	Þorsk	3
Samtals afli: 12.1				

Suðureyri

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Hrefna ÍS	7.3	Lín	Þorsk	2
Samtals afli: 20.9				

Bolungarvík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Þorlákur ÍS	70	Lín	Þorsk	2
Valbjörn ÍS	20	Tro	Ýsa	2
Páll Helgi ÍS	1	Dra	Koli	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Hrólfur Eina ÍS	28.6	Lín	Ýsa	5
Smábátaafli alls: 174.0				
Samtals afli: 265.0				

Ísafjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Páll Pálsson ÍS	72	Tro	Þorsk	2
Stefnir ÍS	58	Tro	Þorsk	1
Markús ÍS	3	Tro	Rækja	3
Aldan ÍS	4	Tro	Rækja	4
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Bliki EA	14.4	Lín	Þorsk	4
Sæbjörn ÍS	0.5	Dra	Ýsa	2
Smábátaafli alls: 24.3				
Samtals afli: 161.3				

Súðavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Halldór Sigu ÍS	1	Tro	Ýsa	2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Ísbjörg ÍS	3.8	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 3.8				
Samtals afli: 4.8				

Drangsnes

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Flugaldan ST	14.4	Lín	Þorsk	3
Samtals afli: 28.1				

Hólmavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Hlökk ST	4.4	Lín	Þorsk	1
Frigg ST	0.6	Han	Ufsi	1
Samtals afli: 15.6				

Hvammstangi

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Harpa HU	8	Dra	Sandk	3
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli: 8.0				

Skagaströnd

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Steinunn SF	65	Lín	Ýsa	2
Hafrún HU	5	Dra	Þorsk	2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Alda HU	7.4	Lín	Þorsk	1
Bjarmi GK	2.3	Han	Ufsi	2
Dagrún ST	0.5	Net	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 15.6				
Samtals afli: 85.6				

Sauðárkrókur

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Klakkur SK	109	Tro	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Óskar SK	1.4	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 2.0				
Samtals afli: 111.0				

Hofsós

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Geisli SK	1.9	Lín	Þorsk	1
Samtals afli: 3.3				

Siglufjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Múlaberg SI	91	Tro	Þorsk	1
Sigurborg SH	28	Tro	Rækja	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Oddur á Nesi ÓF	27.6	Lín	Þorsk	5
Raggi Gísla SI	1.3	Rau	Rauðm	2
Smábátaafli alls: 77.9				
Samtals afli: 196.9				

Ólafsfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sigurður Pál ÓF	0.9	Net	Þorsk	3
Tjaldur ÓF	0.6	Lín	Þorsk	2
Anna ÓF	0.5	Han	Þorsk	2
Samtals afli: 2.1				

Grímsey

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Þorleifur EA	24	Net	Þorsk	5
Sæbjörg EA	17	Net	Þorsk	5
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Konráð EA	9.2	Han	Ufsi	5
Gyða Jónsdót EA	6.2	Lín	Stein	2
Smábátaafli alls: 25.2				
Samtals afli: 66.2				

Hrísey

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Eydís EA	5.4	Lín	Þorsk	2
Samtals afli: 6.6				

Dalvík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Björgvin EA	101*	Tro	Þorsk	1
Björgúlfur EA	83*	Tro	Þorsk	1
Níels Jónsso EA	24	Net	Þorsk	5
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sæflór EA	23.4	Net	Þorsk	6
Bjarmi EA	2.6	Lín	Þorsk	2
Valflór EA	0.2	Rau	Rauðm	2
Smábátaafli alls: 29.5				
Samtals afli: 237.5				

Árskógssandur

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sólrún EA	5.8	Lín	Þorsk	3
Samtals afli: 9.1				

Hauganes

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Níels Jónsso EA	8	Net	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli: 8.0				

Akureyri

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Gulltoppur I EA	1.3	Lín	Ýsa	2
Samtals afli: 1.5				

Grenivík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Vörður EA	53	Tro	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli: 53.0				

Húsavík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Haförn ÞH	10	Net	Þorsk	5
Hafborg EA	1	Net	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Háey II ÞH	6.0	Lín	Ýsa	2
Smábátaafli alls: 11.9				
Samtals afli: 22.9				

Kópasker

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Helga Sæm ÞH	7.4	Net	Þorsk	5
Samtals afli: 7.4				

Raufarhöfn

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Þorsteinn GK	16	Net	Þorsk	6
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Karólína ÞH	14.4	Lín	Þorsk	3
Nanna Ósk II ÞH	4.8	Net	Þorsk	4
Smábátaafli alls: 42.8				
Samtals afli: 58.8				

Þórshöfn

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Þorsteinn ÞH	1144	Tro	Loðna	1
Geir ÞH	5	Net	Þorsk	2
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli: 1149.0				

Bakkafjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Digranes NS	1.6	Lín	Þorsk	1
Samtals afli: 1.6				

Vopnafjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Ingunn AK	1207	Tro	Loðna	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sæborg NS	0.8	Lín	Ýsa	1
Smábátaafli alls: 0.8				
Samtals afli: 1207.8				

Borgarfjörður Eystri

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Emil NS	0.4	Lín	Stein	1
Samtals afli: 0.4				

Seyðisfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Gullver NS	121*	Tro	Ýsa	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Helga Sigmar NS	0.5	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 0.5				
Samtals afli: 121.5				

Neskaupstaður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Kristina EA	1555	Tro	Loðna	2
Bjartur NK	102*	Tro	Þorsk	2
Smábátaafli alls: 0.0				
Samtals afli: 1657.0				

Eskifjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Aðalsteinn J SU	2173	Tro	Loðna	2
Jón Kjartans SU	6966	Tro	Loðna	4
Drangavík VE	2	Tro	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Stína SU	1.1	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 1.1				
Samtals afli: 9142.1				

Fáskrúðsfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hoffell SU	1279	Tro	Loðna	1
Ljósafell SU	101*	Tro	Ýsa	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Sigrún SU	0.3	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 0.3				
Samtals afli: 1380.3				

Stöðvarfjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Dögg SU	20.9	Lín	Þorsk	3
Samtals afli: 24.4				

Breiðdalsvík

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Benni SU	6.9	Lín	Þorsk	1
Samtals afli: 6.9				

Djúpivogur

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Sighvatur GK	67	Lín	Þorsk	1
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Öðlingur SU	4.7	Lín	Þorsk	1
Smábátaafli alls: 4.8				
Samtals afli: 71.8				

Hornafjörður

	Afli	Veiðarf.	Uppist. afla	Landanir
Hvanney SF	11	Net	Þorsk	2
Skinney SF	17	Net	Þorsk	2
Sigurður Óla SF	24	Net	Þorsk	2
Þórir SF	27	Net	Þorsk	2
Hæsti smábátur á hverju veiðarfæri				
Ragnar SF	7.7	Lín	Ýsa	1
Smábátaafli alls: 27.1				
Samtals afli: 106.1				

Fyrir skip og báta - Tæki til makrílveiða



Frábær búnaður á góðu verði
Elcon ehf • sími 552 9510 • elcon@simnet.is

Þekking og reynsla í þjónustu og ráðgjöf fyrir matvælaiðnaðinn

FRJÓ Quatro

Fomaco sprautuvélar





fomaco FOOD MACHINERY COMPANY

FRJÓ Quatro | Bæjarflöt 4, 112 Reykjavík | www.frjo.is frjo@frjo.is | Sími 567 7860 Fax 567 7863

KYNNING CRETEL RAÐFLETTIVÉLAR

Tæknimaður Cretel verður hjá okkur vegna uppsetningar á roðflettivélum hjá Bylgjunni Ólafsvík.

Þriðjudaginn 21. febrúar gefst tækifæri að sjá hjá okkur vélar af gerðinni 460V og 460TAC í vinnslu.

Endilega komið með eigin fisk og prófið í vélinni.
Við hvetjum þá, sem vilja kynna sér kosti Cretel að nýta sér þetta tækifæri.



Nobilis 460TAC
Alsjálfvirk roðflettivél



Nobilis 460V
Ný hönnun, sem roðflettir fiskinn með mestu mögulegu nýtni.

Vinsamlegast staðfestið komu við Magnús í síma 696 8890 eða á maggi@pmt.is

pmt last miðar & tæki ehf. Verðum að Krókhálsi 1, 110 R.vík

CRETEL the art of technology

Til sölu bátur af gerðinni Seabear



Báturinn er smíðaður 1987 í Ulstein í Noregi.
Í bátnum er 139,8 Kw Ford Mermaid vél og Jetdrif, vél og drif keyrt 734 tíma. Báturinn er í mjög þokkalegu standi miðað við aldur og fyrri störf.

Nánari upplýsingar á **bjsvstrond@simnet.is**
eða í síma 894 4006.

Einnig má sjá eitthvað af myndum af bátnum á **www.123.is/strond** undir myndaalbúm/Þórdís

Fiski FRÉTTIR
fiskifrettir.is



Skjólgóður slippur í Njarðvík!
Nýr upptökuvagn fyrir minni báta - hraðari og hagkvæmari slipptaka
Sjávargata 6-12 • 260 Reykjanesbær • Sími 420 4800 • www.skn.is
SKIPASMÍÐASTÖÐ NJARÐVÍKUR hf.



Guðmundur VE á loðnumiðunum. MYND/VIÐAR SIGURÐSSON

Góð veiði á loðnumiðunum

Loðnan kominn vestur fyrir Ingólfshöfðann

Loðnan var komin vestur fyrir Ingólfshöfða nú um miðja vikuna. Flotinn var þar í hnapp og veiddi fremst úr göngunni ólíkt því sem var í síðustu viku þegar veiðar voru dreifðari og loðnan veiddist jafnvel norður í Grímseyjarsundi.

„Strax og menn fréttu af góðri veiði í grunnnótina hættu menn veiðum annars staðar. Bátarnir byrjuðu með grunnnótina í kringum 9. febrúar. Þá var eitthvað kropp og veiðarnar hafa gengið ágætlega síðan. Að vísu var eitthvað millibilsástand í gær en það rættist úr því fljótt," sagði Friðrik Vigfússon, stýrimaður á Guðmundi VE, í samtali við Fiskifréttir er rætt var við hann í gærmorgun um gang loðnuveiða.

Frysta með

Guðmundur VE hóf veiðiferðina með því að taka eitt kast austan við Ingólfshöfða á mánudaginn. Loðnan gekk síðan vestur fyrir höfðann og þétti sig eftir miðnætti. Þá fengu bátarnir ágætisköst. Þegar rætt var við Friðrik hafði Guðmundur VE lokið veiðum og var staddur í Lónsbugtinni á leiðinni norður til Þórshafnar með um 1.200-1.300 tonna afla. „Við höfum einnig verið að frysta með í þessum túr og frysting stendur enn yfir á meðan við siglum norður sem er um 18 tíma stím. Við frystum loðnu á Rússamarkað og flokkast rétt undir 35 stykki í kílóinu. Við frystum líka eitthvað Japansmix," sagði Friðrik.

> Strax og menn fréttu af góðri veiði í grunnnótina hættu menn veiðum annars staðar.

Mikið líf

Fram kom hjá Friðriki að loðnan væri stór og falleg. Hann var spurður hvort menn hefðu einhverjar væntingar um að kvótinn yrði aukinn. „Ég þekki það ekki en hins vegar finnst mér vera mikið af loðnu á stóru svæði. Við höfum keyrt núna eftir miklum lóðningum frá Ingólfshöfða og austur úr að Stokksnesi. Það eru mörg ár síðan ég hef séð svo mikið líf hérna. Göngumynstrið er nokkuð hefðbundið og við vonum að veðrið verði til friðs," sagði Friðrik Vigfússon.

» kjartan@fiskifrettir.is

Helmingur kvótans veiddur

Um miðja vikuna var búið að tilkynna til Fiskistofu um 275 þúsund tonna loðnuafla á vertíðinni. Þar með hefur veiðst nákvæmlega helmingur af loðnukvótanum sem er um 550 þúsund tonn.



Aflahæsta skipið samkvæmt aflalista Fiskistofu er Jón Kjartansson SU með tæp 22 þúsund tonn. Birtingur NK (gamli Börkur) kemur þar á eftir með rúm 20 þúsund og í þriðja sæti er Vilhelm Þorsteinsson EA með 19.400 tonn.

» kjartan@fiskifrettir.is

TRAUST KNOW HOW LTD.
Traustar lausnir í 30 ár
Feti framar



Auðsprautun
★Sprautuvélar
★Easyinject "fiskur í fisk"
★Örsmækkarar (Emulsifiers)
★Söltunarkerfi
★Umsöltunarkerfi
Sölumenn sími : 5674670
traust@traust.is www.traust.is

fiskifrettir.is
Daglegar fréttir á netinu.
FiskiFRÉTTIR
FRÉTTABLAÐ SJÁVARÚTVEGSINS



Allur helsti björgunarbúnaður til sjós og lands...
...Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu allar upplýsingar
Starfstöðvar Ísfells og Ísnets:
• Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
• Ísnet Húsavík - Barðahúsi
• Ísnet Sauðárkrókur - Háeyri 1
• Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
• Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
• Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is
ÍSFELL www.isfell.is
ísnet

Nemar sem ná til þín.



Frekari upplýsingar í síma: 533 3838 eða á www.marport.com
MARPORT DEEP SEA TECHNOLOGY